



Til veiðifélaga

Reykjavík, 30. janúar 2019

Ágæti veiðifélagaformaður

Landssamband veiðifélaga vill vekja athygli veiðifélaga á eftirfarandi atriðum.

Umhverfi veiðiáa

Umgengni um veiðiár og umhverfi þeirra er mikilvægur þáttur í að halda landinu hreinu og forðast hvers konar mengun sem slæmri umgengni getur fylgt. Okkar dýrmætu veiðiár eru sérstaklega viðkvæmar fyrir slíku, ásamt því að slæm umgengni skaðar ímynd ána.

Á aðalfundi LV í júní sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt. „*Aðalfundur Landssambands veiðifélaga, haldinn á Sauðárkróki dagana 8.- 9. júní 2018, hvetur veiðifélög og landeigendur til að huga vel að umhverfi veiðiánna meðal annars með því að hreinsa árbakka og ár af plasti og öðru rusli. Fersk og hrein náttúra eru stór hluti af þeirri ímynd sem veiðimenn eiga að hafa af íslenskum veiðiám.*“

Landssamband veiðifélaga hvetur aðildarfélögin til þess að vinna að framgangi ofangreindrar tillögu, hvert á sínu svæði.

Nýtingaráætlun

Í 17. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, er fjallað um veiðitíma á laxi. Í 4. mgr. 17. gr. laganna er eftirfarandi ákvæði. „*Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa] ¹⁾ staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar]. ²⁾ Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa], ¹⁾ að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.*“

Á heimasíðu Fiskistofu eru nánari upplýsingar ásamt viðeigandi eyðublaði – sjá; www.fiskistofa.is

Veruleg vanhöld eru á því að veiðifélög skili Fiskistofu nýtingaráætlun og eru þau hér með hvött til þess að gera það hið bráðasta.

Fiskræktaráætlun

Í 5. gr. laga um fiskrækt, nr. 58/2006 er fjallað um fiskræktaráætlun, en þar segir „*Í hverju veiðivatni, þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangveiði eða öðru því er að fiskrækt lýtur, er veiðifélagi eða veiðiréttarhöfsum, þar sem ekki er veiðifélag, skylt að gera fiskræktaráætlun er nái til fimm ára í senn. Hlutverk fiskræktaráætlunar er að gera fyrirhugaða fiskrækt markvissa og árangursríka og tryggja eftir föngum að þannig sé að fiskrækt staðið í hvívetna að vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna stafi ekki hætta af slíkum framkvæmdum.*“

Þau veiðifélög sem hyggja á eða stunda fiskrækt í framangreindum skilningi eru hvött til þess að gera fiskræktaráætlun og senda Fiskistofu á sérstöku eyðublaði – sjá; www.fiskistofa.is

Landselur í og við árósa

Selurinn er einn af frumbyggjum landsins. Hann hefur verið veiddur og nýttur sem mikilvæg hlunnindi alla tíð. Nú er svo komið að landselsstofninn er í sögulegu lágmarki og er á valista um tegundir í útrýmingarhættu. Landselur hefur alla tíð sért búsvaldi í nálægð veiðiáa og er þar sem annars staðar hluti af lífríkinu. Í ljósi þeirrar staðreyndar að stofninn er í lágmarki, þá er því beint til veiðifélaga að hætta veiðum á landsel í og við árósa. Það hæfir ekki þeim sem eiga og nýta veiðiár með skipulegum og sjálfbærum hætti að taka þátt í fækkun á tegund sem kann að vera útrýmingarhættu.

Jón Helgi Björnsson, formaður LV